



Atvinnuleysi minnkaði áfram í júlí og sú þróun mun halda áfram

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í júlí 6,1% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði minnkað úr 7,4% frá því í júní. Um 12.500 manns voru á atvinnuleysissskrá í júlí. Almennt skráð atvinnuleysi náði hámarki í janúar 2021 þegar það var 11,6% (12,8% með skertu starfshlutfalli) og hefur þannig minnkað um 5,5 prósentustig síðan.

Ekki er lengur um að ræða atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið þar sem henni lauk í maí. Því var heildaratvinnuleysi í júní einnig 6,1% samanborið við 7,4% í maí og minnkaði þannig um 1,3 prósentustig milli mánaða. Í júlí 2020 var almennt atvinnuleysi 7,9% og það hefur því minnkað um 1,8 prósentustig á einu ári.

Almennt atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu milli júní og júlí. Mest dró úr atvinnuleysi á Suðurnesjum, um 2,8 prósentustig, og svo um 1,4 prósentustig á Suðurlandi. Atvinnuleysi er eftir sem áður mest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, en það er ekki lengur tvöfalt meira á Suðurnesjum en á höfuðborgarsvæðinu eins og það var lengi vel.

Vinnuálastofnun spáir því að áfram dragi úr almennu atvinnuleysi og að það verði í kringum 5,5% í ágúst, m.a. vegna aukinna umsvifa og sérstaks atvinnuátaks stjórnvalda. Atvinnuleysi hefur nú minnkað sex mánuði í röð og hefur lækkunin verið nokkuð hröð. Atvinnuleysið var hins vegar um 5% í upphafi ársins 2020 og því enn dálítið í land þar til við sjáum aftur svipað atvinnuleysisstig og þá.


Staðan enn alvarlegust á Suðurnesjum

Almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum var 10,9% í júlí og minnkaði um 2,8 prósentustig frá júní. Almennt atvinnuleysi þar var 24,5% í janúar og hefur nú minnkað sex mánuði í röð, alls um 13,6 prósentustig.

Atvinnuleysi kynjanna svipað í heild


Á síðustu árum hefur atvinnuleysi kynjanna þróast með svipuðum hætti sé litið á landið allt. Á árinu

Skráð atvinnuleysi 2020 og 2021




Heimild: Vinnuálastofnun

Skráð almennt atvinnuleysi



Heimild: Vinnuálastofnun

Almennt atvinnuleysi í júní og júlí 2021




Heimild: Vinnuálastofnun



2020 var meðalatvinnuleysi bæði karla og kvenna 7,9%, en árin tvö þar á undan var atvinnuleysi kvenna 0,2-0,3 prósentustigum meira en hjá körlum. Fyrstu sjö mánuði ársins 2021 hefur atvinnuleysi karla verið 9,5% að meðaltali og 9,7% meðal kvenna. Á milli júní og júlí minnkaði atvinnuleysi karla á landinu öllu um 1,2 prósentustig á meðan það minnkaði um 1,3 prósentustig meðal kvenna. Atvinnuleysi karla var 5,8% í júlí og 6,5% meðal kvenna.

Atvinnuleysi karla og kvenna




Lausum störfum fjölga hlutfallslega mest á Suðurlandi

Alls voru 1.123 ný störf auglýst í júlí, en þau voru 1.854 í júní. Um fjölbreytt störf var að ræða, en flest störfin voru stjórnunar-, sérfræði- eða skrifstofustörf, eða um 400 störf. Þann 11. ágúst voru um 13.200 störf í boði hjá Vinnumálastofnun og hafði þeim fjölgað um 17% frá því í júlí.

Flest starfanna, eða 67%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 14% á Suðurnesjum og 9% á Suðurlandi. Lausum störfum fjölgaði á öllum svæðum, hlutfallslega langmest milli mánaða á Suðurlandi, um 24%, og þar næst á Austurlandi, um 13%.

Um 45% lausra starfa eru í greinum sem tengjast ferðaþjónustu. Lausum störfum fjölgaði í öllum greinum milli mánaða, mest í farþegaflutningum með flugi.

Fjöldi starfa í boði



Ástæða til hjartsýni

Þrátt fyrir áföll í baráttunni við faraldurinn lítur áfram út fyrir að frekar dragi úr atvinnuleysi í þessari kreppu. Staðan hér innanlands hefur ekki enn haft mikil neikvæð áhrif á komur ferðamanna til landsins, hvað sem kann að verða. Eins og áður skiptir baráttan við faraldurinn í helstu viðskiptalöndum okkar miklu og má þar t.d. nefna hvenær yfirvöld í Bandaríkjunum opna á flug til og frá Evrópu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.